

Minnisblað

Dagsetning: 17. desember 2021
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021 – Sandvík

Stóra- og Litla-Sandvík eða Sandvíkur sunnan Hafnabergs á Reykjanesi. Melgresi var sáð við Stóru-Sandvík um 1950 en við það mynduðust melgresishólar og tjörn fyrir aftan þá.

Framkvæmd

Sandvík var heimsótt þann 2. júní 2021. Gengið var hringinn í kringum tjörnina og eftir ströndinni. Notast var við spjaldtölvu og dróna til að taka ljósmyndir af skemmdum á gróðri og jarðminjum. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar. Allar upplýsingar voru skrásettar á þar til gerð eyðublað.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að færa myndir úr vöktun í gagnagrunninn FotoWare. Búið er að færa upplýsingar af eyðublaðum inn í gagnagrunn NÍ. Helstu niðurstöður úr vöktun þessa árs eru eftirfarandi:

Ekki voru miklar breytingar frá árinu 2020 en þó virðist umgangur um svæðið hafa verið minni en síðasta ár.

Nokkur nýleg hjólför sáust í fjörunni og lágu þau yfir gróður og melgresishóla (1. mynd).




1. mynd. Vinsæl akstursleið yfir melgresishól í Sandvík.

Töluvert magn fannst af skothylkjum á svæðinu, bæði við tjörnina og á ströndinni.

Lítið er af innviðum á svæðinu líkt og upplýsingaskiltum eða skiltum sem banna akstur um melgresishólana og ströndina. Ekkert afmarkað bílastæði er á svæðinu.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Eins og fram hefur komið er innviðum og skipulagi á svæðinu mjög ábótavant, á sama tíma er svæðið vinsælt til utanvegaaksturs. Með áframhaldandi árlegri vöktun ætti umfang og áhrif utanvegaaksturs á svæðið að koma betur í ljós. Næst væri gott að fara á svæðið síðsumars til að komast að því hvort utanvegaakstur er meira áberandi eftir sumarið. Með því að kortleggja svæðið með dróna má fylgjast með framvindu melgresis á svæðinu (2. mynd).



2. mynd. Yfirlitsmynd úr dróna af Stóru-Sandvík sem sýnir melgresishólana, tjörnina, veginn að svæðinu, illa afmarkað bílastæði, göngustíg í kringum tjörnina og skemmdir vegna utanvegaaksturs.